

# Reglur um stuðning við starfsmenn Ísafjarðarbæjar sem stunda fjarnám við viðurkennda menntastofnun

Ísafjarðarbær styður starfsmenn sína sem stunda fjarnám samhliða starfi. Starfsmaður getur haldið dagvinnulaunum, miðað við starfshlutfall, þann tíma sem hann sækir staðbundið nám allt að 10 daga á önn. **Skilyrði fyrir stuðningi er að menntunin tengist fagsviði starfsins eða framtíðarstarfi fyrir bæinn.**

## Markmið

Markmið með styrknum er að auðvelda starfsmönnum Ísafjarðarbæjar að afla sér menntunar.

## Samþykktir umsókna


Mannauðsstjóri og forstöðumaður afgreiða umsóknir og er þeim heimilt að kalla eftir frekari upplýsingum frá umsækjendum ef þurfa þykir. **Skilyrði fyrir samþykki umsóknar er samþykki forstöðumanns.**

## Umsóknir og úthlutun

Umsóknir skulu berast til mannauðsstjóra fyrir 1. september á netfangið [baldurjo@isafjordur.is](mailto:baldurjo@isafjordur.is) eða á skrifstofu. Umsóknareyðublöð má finna á innraneti Ísafjarðarbæjar undir [eyðublöð](#). Fjallað er um umsóknir um miðjan september.

## Reglur:

1. Umsækjandi skal vera í starfi hjá Ísafjarðarbæ og hafa starfað í a.m.k. tvö ár áður en stuðningur er veittur.
2. Umsókn skal berast til mannauðsstjóra fyrir 1. september ár hvert. Umsókn skal fylgja:
  - a. Samþykki yfirmanns stofnunar, sem viðkomandi starfar hjá, fyrir styrkveitingu.
  - b. Staðfesting á skólavist og umfangi náms (einingafjölda).
  - c. Áætlun um dagsetningar staðnáms og vettvangsnáms.
3. Mannauðsstjóri, ásamt forstöðumanni, fara yfir umsóknir og fylgigögn og afgreiða umsóknirnar fyrir 15. september ár hvert.
4. Starfsmaðurinn heldur dagvinnulaunum, miðað við starfshlutfall, þann tíma sem hann sækir staðbundið nám í viðkomandi skólastofnun að hámarki 10 daga á önn, 20 daga á skólaári. Ef vettvangsnám er hluti af náminu, þá fær starfsmaðurinn jafnframt greidd dagvinnulaun, miðað við starfshlutfall, þann tíma sem hann stundar vettvangsnámið ef það fer fram í stofnun sem Ísafjarðarbær rekur. Kjósi hann að stunda það annarsstaðar er það ekki launað.

- 
5. Ekki er hægt að fá þennan stuðning lengur en sem nemur átta námsönnum enda sé námsframvinda og árangur með eðlilegum hætti (miðað er við að lágmarki 60 eininga nám á háskóla eða framhaldsskólastigi). Að jafnaði skal miðað við að starfsmaður ljúki ekki færri en 10 einingum á hverri námsönn. Upplýsingum um námsframvindu hvernar annar skal komið til mannauðsstjóra.
  6. Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt skólaár og því þarf að endurnýja umsókn árlega.

Tekur gildi 18. ágúst 2020.